

Sp. 115. Tillaga til þingsályktunar [111. mál]

um mælingar á geislavirkni í sjávarafurðum og umhverfi.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera hið fyrsta ráðstafanir til að unnt verði að gera mælingar á geislavirkni, m.a. í sjávarafurðum og umhverfi, með tækjum sem Alþjóðakjarnorkumálastofnunin lætur Geislavörnum ríkisins í té samkvæmt samningi við ríkisstjórn Íslands.

Greinargerð.

Eftir kjarnorkuslysið í Tsjernóbíl í Sovétríkjunum varð fleirum en áður ljóst hvaða þýðingu það hefur fyrir öryggi manna og heilsu að unnt sé að fylgjast reglubundið með geislavirkni í umhverfinu svo og í neysluvörum. Um þetta leyti fóru kaupendur sjávarafurða okkar erlendis að krefjast vottorða um geislavirk efni í afurðunum svo að óyggjandi væri að geislavirkni væri ekki yfir leyfilegu magni. Ljóst var því að þær afurðir væru verðmeiri ef unnt var að láta fylgja öruggt vottorð um geislaælingu.

Íslendingar höfðu ekki yfir að ráða búnaði sem til þessa þurfti. Málið var að nokkru leyst um stundarsakir með lánstækjum erlendis frá og aukafjárveitingu til að ráða eðlisfræðing við Geislavarnir ríkisins. Tekin var ákvörðun þegar í maímánuði 1986 um að fela Geislavörnum undirbúning reglulegra geislaælinga í umhverfi og matvælum. Skömmu síðar voru fengnir hingað til lands sérfræðingar frá Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni til ráðgjafar í þessu sambandi. Í framhaldi af þessum ákvörðunum gerði íslenska ríkisstjórnin samning við Alþjóðakjarnorkumálastofnunina um útvegum tækjabúnaðar í þessu skyni. Íslendingar þurfa að sjálfsögðu að standa við sínar skuldbindingar til að unnt sé að nýta þá rausnarlegu aðstoð sem kjarnorkumálastofnunin lætur í té.

Þessi tillaga er flutt til að flýta fyrir því að tæki þessi verði nýtt. Hér er verið að hvetja til fyrirbyggju sem annars vegar varðar heilbrigði landsmanna og hins vegar verðmæti útflutningsafurða okkar.